

Alþingi
Erindi nr. Þ 128, 130,
komudagur 27.2.2003



Alþingi Íslendinga
Helga Þórisdóttir nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 25. febrúar 2003

Tilvísun: FEL01110051/0012/GB/--

Eins og fram kom við umfjöllun í félagsmálanefnd Alþingis mánudaginn 24. febrúar sl. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, hafði starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins ekki gefist tækifæri til að kynna sér umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um frumvarpið. Um afstöðu ráðuneytisins til annarra umsagna og breytingartillagna vísast til yfirlits um helstu breytingartillögur, sem lögfræðingur ráðuneytisins lagði fram á fundinum, og umræðna um það skjal. Í þessu símbréfi verður því eingöngu fjallað um afstöðu ráðuneytisins til athugasemda og breytingartillagna BSRB.

Rétt er í upphafi að leiðrétta þann misskilning sem virðist gæta í umsögninni, einkum á bls. 9, þar sem gert virðist ráð fyrir því að frumvarp félagsmálaráðherra feli í sér brottfall 12. og 13. gr. gildandi laga. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt enda um að ræða frumvarp til breytinga á gildandi lögum og gerir frumvarpið ráð fyrir því að tilvitnuð ákvæði laganna verði áfram í gildi.

Að öðru leyti skal tekið fram að í umsögninni koma fram tillögur um verulegar breytingar á frumvarpinu og eiga flestar þeirra það sammerkt að vera í mótsögn við meginmarkmið frumvarpsins, sem eru að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna og að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Þetta á ekki síst við um þá tillögu BSRB að áfram skuli mælt fyrir um hámark aukavatnsgjalds (notkunargjalds) í reglugerð.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var það samið í náinni samvinnu við Samorku og einnig var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið er því í öllum meginatriðum í samræmi við vilja sveitarfélaganna. Hafa ákvæði frumvarpsins um einföldun gjaldtökuheimilda fallið í sérstaklega góðan jarðveg en eins og kunnugt er hefur Samband íslenskra sveitarfélaga gert nokkrar breytingartillögur við þau ákvæði frumvarpsins er varða stjórn og eignarhald vatnsveitna, og telur ráðuneytið þær tillögur vel ásættanlegar.

Loks skal tekið fram að ráðuneytið telur tillögu BSRB um nýja 1. gr. laganna góðra gjalda verða en ákvæðið virðist þó fremur eiga heima í almennum lögum um vatnsveitur heldur en í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þórir Þórisson
Stjórn BSRB